

Leiðréttingar við bókina Ljúflingar

Flugmannahúfa bls. 116

Fitjið upp (72) 80 (80) L á prjón nr. 4.

Prjónið *2 umf 2 S, 2 B. 1 umf slétt, 1 umf B*, endurt munstrið (10) 11 (12) sinnum.
Takið síðan úr í hverri sléttri umf í munstrinu (haldið áfram að prjóna munstrið, þótt rúðurnar skekkist).

Heimferðarhúfa, bls. 155

MUNSTUR

Endurtakið þessar 4 umf:

1. umf: *1 S, 1 B* út umf
2. umf: *1 S, 1 B* út umf
3. umf: S út umf
4. umf: B út umf

Úrtökurnar eru alltaf í 3. umf í munstrinu.

Á stærstu stærðinni eru teknar úr 4 L með jöfnu bili í 9. munstureiningu (í 9. sinn sem munstur er prjónað).

Á tveimur þeim stærri er tekið úr í (9.) 10. umf þannig: *7 S, 2 Ss* út prjóninn.

Heimferðarpeysa, bls. 147

MUNSTUR

1. umf (réttan): S út prjóninn.
2. umf (rangan): S út prjóninn
3. umf (réttan): *1 S, 1 B* að merkiL, Y, 1 S, 1 B, 1 S, Y, *1 B, 1 S* að merkiL.
4. umf (rangan): *1 S, 1 B* út prjóninn (prjónið þannig að S lendi yfir S og B yfir B).

Munstrið í laskaútaukningu (ath merkiL):

1. umf: 3 L S.
2. umf: 3 L S.
3. umf: 1 S, 1 B, 1 S.
4. umf: 1 B, 1 S, 1 B.

Byrjið síðan á munstrinu (1. umf) og aukið í fyrir erminni þannig:

Prjónið 14 (16) 16 S (vinstra framstykki), Y, 3 S (merkiL laskaermi), Y, 9 (9) 10 S (vinstri ermi), Y, 3 S (merkiL laskaermi) Y, 20 (22) 24 S (bakstykkið) Y, 3 S (merkiL laskaermi) Y, 9 (9) 10 L (hægri ermi), Y, 3 S (merkiL laskaermi), Y, 14 (16) 16 S (hægra framstykki).

Haldið áfram og prjónið munstur.

Á röngunni eru Y prjónuð Sz í 2. umf í munstrinu og Sz eða Bz eftir því hvort passar inn í munstrið þegar 4. umf er prjónuð (sjáið teikningu s. 64, Heil peysa á hjartagull).

Forlagið þiggur með þökkum allar ábendingar um villur í uppskriftum. Þær má senda á netföngin laufey@forlagid.is og oddy@forlagid.is.